



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA 27. maí 2025

Skýrsla stjórnar, starfsárið 2024 – 2025

SÍP er nú komið með eigið netfang, profunarstofur@gmail.com sem stjórnarmeðlimir hafa aðgang að og hefur stjórnin nýtt það til þess að senda út tilkynningar til félagsmanna auk almennra samskipta á vegum félagsins, samskipti við Eurolab og Eurachem fara þó áfram fram í gegnum tengiliði.

SÍP hélt námskeið í áhættumati þar sem Ólafur R. Rafnsson, formaður tækninefndar hjá Staðlaráði Íslands og ráðgjafi í áhættustjórnun og upplýsingaöryggi hjá Skjöld Ráðgjöf, var fenginn til þess að halda fyrirlestur. Meðal þess sem Ólafur fór yfir var skipulag og stjórnun, hlutverk og ábyrgð m.t.t. áhættumats (e. Risk Governance), yfirlit yfir helstu staðla og þróun þeirra, markmið með og aðferðir við framkvæmd áhættumats, frammistöðumat og áhættuvísar.

Auglýst voru ýmis námskeið á vegum Eurolab og Eurachem á heimasíðu SÍP (icelab.123.is), meðal annars vefnámskeið Eurolab um stafræn gögn og gagnaöryggi sem haldið var 27. nóvember (Guidelines for the Management of Digitalised Systems in Laboratories Accredited to ISO/IEC 17025), vinnustofa í faggildingu rannsóknar og prófunarstofa sem Eurachem stóð fyrir dagana 12-13 mars 2025 í Nicosia á Kýpur, og vefnámskeið sem haldið verður 19. júní næstkomandi um staðfestingu mæliaðferða (How to Validate Measurement Procedures Including Sampling) þar sem farið verður yfir handbók Eurachem og CITAC, sem gefin var út í fyrra, um þetta efni.

Árlegur félagafundur Eurolab var haldinn í Aþenu 17-18 október 2024 og fór tengiliður SÍP við Eurolab, á fundinn þar sem rædd voru lykilverkefni í styrkingu samstarfs og stefnumótun stofnunarinnar. Að auki er sami tengiliður í tækninefnd TCQA um sjálfbærni og fyrir félagafundinn var fundur í nefndinni, þar sem meðal annars var rætt um stöðu rannsóknarstofa í lagalegu umhverfi, leiðbeiningar í sjálfbærni rannsóknarstofa og samvinnu hagsmunaaðila í rannsóknarumhverfi m.a. UNIDO, My Green Lab og CEN/CENELEC.

Allsherjarþing Eurolab var haldið í Kaupmannahöfn nú í lok apríl og þing Eurachem fer fram núna í lok maí í Búkares, í þetta sinn fór enginn stjórnarmeðlimur á þessa fundi.

Aðilar að SÍP eru nú 16: BM Vallá, BSI Íslandi, COWI Íslandi ehf, Frumherji hf, Haf og

vatn, Hlaðbær Colas, ÍSOR, Malbikunarstöðin Höfði, Malbikstöðin, Mátis ohf, Orkuveitan, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði - RLE, Rio Tinto á Íslandi, Steypustöðin ehf, Tæknisetur og Vegagerðin.

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórnarfundir fóru yfirleitt fram á netinu en að venju hittist stjórn einnig á veitingastað á fyrsta fundi eftir aðalfund þar sem fráfarandi formanni var þakkað kærlega fyrir vel unnið starf og nýr stjórnarmeðlimur var boðinn velkominn.

Áhersla stjórnar hefur verið á að skipuleggja fræðslu og kynningar. Stjórnin hefur unnið að því að fá fleiri fyrirtæki sem reka prófunarstofur inn í SÍP.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt: Guðrún Eva Jóhannsdóttir, COWI Ísland – formaður og umsjónarmaður vefsíðu, Halla Halldórsdóttir, Mátis – ritari, Finnbogi Óskarsson, Ísor. – gjaldkeri og tengiliður við Eurachem, Elín Ásgeirsdóttir, Malbikunarstöðin Höfði – stjórnarmaður og tengiliður við Eurolab og Kristmann Gíslason, Haf og vatn – stjórnarmaður.

Kópavogur, maí 2025

f.h. stjórnar

Guðrún Eva Jóhannsdóttir